

Fundur haldinn í fjarfundi föstudaginn 8. Apríl 2022, klukkan 16:00

Mætt: Kristín Ósk Ómarsdóttir, formaður kjörnefndar Ásahrepps, Hulda Brynjólfsdóttir og Benedikt Elvar Jónsson.

Til fundarins er boðað til afgreiðslu á ósk Renate Hanneman um að skorast undan kjöri í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara þann 14. Maí næstkomandi.

Í 49. gr. Kosningalaga nr. 112/2021 segir:

*Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrir en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfelld sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn sveitarfélags áður en framboðsfrestur rennur út að hann skorist undan endurkjöri.*

Renate sat í sveitarstjórn tvö heil kjörtímabil frá 2006-2010 og aftur frá 2010 til ársins 2014. Við kosningar vorið 2014 hlaut Renate ekki kosningu sem aðalmaður í sveitarstjórn en tók hins vegar sæti aðalmanns við brotthvarf Eydísar Indriðadóttur þá um sumarið og sat í sveitarstjórn sem slíkur fram á árið 2015. Það er því óumdeilt að Renate hafi setið lengur en 8 ár í sveitarstjórn í heildina, en vafi leikur á um hvort seta hennar geti talist samfelld í ljósi þess að hún var ekki aðalmaður í sveitarstjórn um tveggja mánaða skeið sumarið 2014.

Formaður kjörstjórnar óskaði eftir áliti lögmanns hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í svari hans kemur fram að vissulega sé um vafaatriði að ræða og fá fordæmi um afgreiðslu slíkra mála. Leggur hann til að kjörstjórn túlki vafa Renötu í vil.

Það er samdóma álit kjörstjórnar að túlka beri vafa málsins Renötu í vil og samþykkir ósk hennar um að skorast undan endurkjöri í samræmi við 49. gr Kosningalaga nr. 112/2021

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:15

Kristín Ósk Ómarsdóttir, formaður

Benedikt Elvar Jónsson

Hulda Brynjólfsdóttir